

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Fannafold 170.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 23. október 2020, breytingu á deiliskipulagi norðan Grafarvogs vegna lóðarinnar nr. 170 við Fannafold. Í breytingunni felst að viðbygging 3 x 5 m fer út fyrir byggingarreit á vesturhluta lóðar, auk anddyris byggingar á suðurhlið sem er 2,74 m². Byggingarmagn eykst um 15 m² og verður því samanlagt um 320 m². Grunnflötur hússins verður 245 m². Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sjómannaskólareitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 21. október 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sjómanna-skólareits til minnkunar á samþykktu byggingarmagni úr 5.635 m² í 4.500 m² á lóð (reit E) sem úthlutað hefur verið til Leigufélags aldraðra til byggingar almennra íbúða á grundvelli laga nr. 52/2016. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Spöngin, eining G, Spöngin 3-5/Móavegur 2 og 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 14. október 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar einingar G vegna lóðanna nr. 3-5 við Spöngina og 2 og 4 við Móaveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að girða fyrir sérafnotafleti íbúða á jarðhæð á alla vegu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 5. nóvember 2020.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. nóvember 2020